

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Austurlands miðvikudaginn 29. nóvember í máli nr. Q-1/2006:

Hulduhlíð,heimili aldraðra

(Bjarni G. Björgvinsson hdl.)

gegn

Guðrúnu Hrönn Hilmarsdóttur,

Huld Hilmarsdóttir Göethe,

Sigurði Hreini Hilmarssyni og

Björgvini Hrafni Hilmarssyni

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

I.

Aðild og dómkröfur

Krafa sóknaraðila barst dóminum 2. maí 2006. Málið var þingfest 6. júní sl. og tekið til úrskurðar að afloknum munnlegum málflutningi 2. nóvember sl.

Sóknaraðili er Hulduhlíð, heimili aldraðra, kt. 000000-0000, Bleiksárhlíð 56, Eskifirði.

Varnaraðilar eru Guðrún Hrönn Hilmarsdóttir, kt.000000-0000, Klapparstíg 5, Reykjavík, Huld Hilmarsdóttir Göethe, kt. 000000-0000, Grettisgötu 35, Reykjavík, Sigurður Hreinn Hilmarsson, kt. 000000-0000, Þrastanesi 15, Garðabæ og Björgvin Hrafn Hilmarsson, kt. 000000-0000, Noregi.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að 3. grein erfðaskrár Thors Klausen verði túlkuð þannig að allir fjármunir í dánarbúi Thors Klausen renni til sóknaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins.

Varnaraðilar krefjast þess að viðurkennt verði að við skipti á dánarbúi Thors Klausen, kt. 000000-0000, sem látist hafi 4. nóvember 2004, skuli fjármunir sem hinn látni erfði eftir systur sína, Maríu Hjelvik, renna til varnaraðila sem lögerfingja hans.

Ennfremur krefjast ofangreindir varnaraðilar þess að sóknaraðila verði gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Guðrún Friðriksdóttir, kt. 000000-0000, Túngötu 1, Fjarðabyggð, hálsystir Thors heitins Klausen, hefur ekki látið málið til sín taka

II.

Málavextir

Málavextir eru þeir að hinn 23. janúar 2003 gerði Thor Klausen erfðaskrá, sem hann undirritaði í viðurvist tveggja votta sama dag og var erfðaskráin færð inn í gerðabók lögbókanda á Eskifirði hinn 6. mars 2003.

Í 1. grein erfðaskrárinnar er mælt fyrir um sölu fasteignar hans til nafngreinds manns á ákveðnu verði, hafi hann áhuga á því að kaupa hana, en að öðrum kosti skuli selja hana á frjálsum markaði og söluverðið í báðum tilfellum ganga til sóknaraðila.

Í 2. grein erfðaskrárinnar er mælt fyrir um sölu bifreiðar og að andvirði hennar skuli ganga til sóknaraðila.

Í 3. grein erfðaskrárinnar segir orðrétt:

“Innistæður mínar, sparifé, á bókum í Landsbanka Íslands hf. skal ganga til Hulduhlíðar.”

Loks er 4. grein erfðaskrárinnar svohljóðandi:

“Gísla Benediktssyni, kt. 000000-0000, Strandgötu 47, Eskifirði, fel ég hér með að sjá um búskipti eftir mig ef hann verður bær til þess eftir minn dag. Öðrum eignum mínum en að ofan greinir, innibúi mínu og persónulegum munum, fel ég Gísla að ráðstafa.”

Í október 2004 hafði norsk lögfræðistofa samband við Thor Klausen vegna leyfis til einkaskipta og væntanlegs arfs eftir alsystur hans, Maríu Hjelvik. Veitti Thor heimild fyrir sitt leyti til einkaskipta á dánarbúi hennar í október 2004. Ekki mun hafa legið fyrir á þessum tíma hversu mikils arfs var að vænta eftir Maríu. Erfðaskrá Thors var ekki breytt vegna þessa, en Thor lést í umferðarslysi skömmu síðar eða 4. nóvember 2004.

Hinn 29. júní 2005 var sóknaraðila veitt leyfi til einkaskipta á dánarbúi Thors Klausen og var Bjarna G. Björgvinssyni lögmanni falið að annast skiptin á dánarbúinu.

Arfurinn úr dánarbúi Maríu Hjelvik var greiddur út til lögerfingja hennar hér á landi hinn 15. september 2005 og nam hlutur dánarbús Thors 6.098.400 krónum. Í ljósi þess að arfur Thors eftir systur hans Maríu Hjelvik hafði ekki verið hluti af innistæðu á bók hans í Landsbanka Íslands við gerð erfðaskrárinnar þótti upp kominn vafi um túlkun 3. greinar erfðaskrárinnar. Sendi umboðsmaður sóknaraðila því lögerfingjum Thors heitins bréf dags. 25. janúar 2006 þar sem þeim var kynntur

Þessi vafi og óskað eftir afstöðu þeirra til þess hvort þau kölluðu eftir arfi úr dánarbúi Thors vegna arfshluta dánarbúsins eftir Maríu Hjelvik. Svar barst frá umboðsmanni Guðrúnar Friðriksdóttur, hálf systur Thors, í febrúar 2005 þar sem fram kemur að hún muni ekki gera tilkall til arfs úr dánarbúi Thors. Einnig barst bréf frá umboðsmanni varnaraðila, sem eru börn Hilmars heitins Friðrikssonar, bróður Thors, þar sem þau lýstu tilkalli í arfshluta Thors Klausen eftir systur hans Maríu Hjelvik sem lögerfingjar.

III.

Málsástæður

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að túlka verði erfðaskrá Thors Klausen með hliðsjón af því að vilji hans hafi ótvírætt verið sá að öll peningaleg verðmæti í hans eigu rynnu til sóknaraðila. Hafi það verið staðfest af Gísla Benediktssyni, útibússtjóra Landsbanka Íslands á Eskifirði, sem hafi verið Thor heitnum til aðstoðar varðandi fjármál hans og fleira. Í erfðaskránni séu tilgreind sérstaklega þau peningalegu verðmæti, sem renna eigi til sóknaraðila og hafi Thor ekki átt önnur peningaleg verðmæti á þeim tíma. Fyrir andlát sitt hafi Thor haft vitneskju um að skipta ætti dánarbúi systur hans í Noregi en ekkert hafi legið fyrir á þeim tíma um eignastöðu þess eða arfshluta. Sóknaraðili telji að ætlun Thors hafi verið sú að arfshlutinn rynni inn á bankabók hans í Landsbankanum á Eskifirði og að fara ætti með arfinn frá Noregi, sem fallinn hafi verið fyrir andlát Thors, með sama hætti og aðra fjármuni hans, þ.e. að hann skyldi renna til sóknaraðila í samræmi við 3. grein erfðaskrárinnar.

Um lagarök vísar sóknaraðili til VI. kafla erfðalaga nr. 8/1962 og almennra túlkunarreglna. Þá er vísað til 90. gr. og 123. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Varnaraðilar kveðst byggja kröfu sína á 3. mgr. 3. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Þeir benda á að Thor Klausen hafi haft heimild til að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá samkvæmt 34. gr. erfðalaga, enda hafi hann ekki látið eftir sig skylduerfingja, sbr. 35. gr. sömu laga. Erfðaskrá hins látna hafi hins vegar ekki náð til allra eigna hans.

Varnaraðilar telji augljóst að efni erfðaskrár hins látna hafi verið í samræmi við raunverulegan vilja hans og að skráin hafi þess vegna hvorki orðið annars efnis en til var ætlast vegna misritunar né misskilnings af neinu tagi. Séu því ekki efni til að túlka hana sóknaraðila í vil á grundvelli 37. gr. erfðalaga, en það lagaákvæði veiti þröngt svigrúm til að túlka erfðaskrár í samræmi við arfleiðsluvilja hins látna ef unnt er að staðreyna hann.

Fyrir liggi arfleiðsluvottorð tveggja votta, sem báðir hafi staðfest með áritun sinni á erfðaskrána að Thor Klausen hafi staðfest að erfðaskráin hefði að geyma vilja hans. Ljóst megi vera að sóknaraðili hefði engan arf hlotið úr dánarbúi hans ef arfleiðsluvilji hans hefði ekki verið staðfestur með þessum ótvíræða og lögformlega hætti. Vilji Thors Klausen til að láta arfinn úr dánarbúi Maríu Hjelvik renna til sóknaraðila hafi ekki verið staðfestur með þessum hætti og hann falli ekki undir neitt ákvæði erfðaskrárinnar. Telji varnaraðilar að af þeirri ástæðu eigi þessi eign að falla til lögerfingja hans samkvæmt 3. mgr. 3. gr. erfðalaga.

IV.

Niðurstaða

Eins og fram hefur komið gerði Thor Klausen erfðaskrá í votta viðurvist hinn 23. janúar 2003, sem færð var inn í gerðabók lögbókanda á Eskifirði hinn 6. mars sama ár. Með erfðaskránni ráðstafaði Thor meginþorra eigna sinna til sóknaraðila en nafngreindum manni, Gísla Benediktssyni, var falið að ráðstafa innbúi og persónulegum munum hans. Óumdeilt er að Thor Klausen var heimilt að ráðstafa öllum sínum eigum með erfðaskrá enda lét hann ekki eftir sig neina skylduerfingja, sbr. 34. og 35. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Óumdeilt er að í október 2004 hafði norsk lögmannsstofa samband við Thor vegna leyfis til einkaskipta og væntanlegs arfs eftir alsystur hans Maríu Hjelvik, sem búið hafði í Noregi og látist 18. mars sama ár. Þá er óumdeilt að Thor veitti leyfi sitt til einkaskipta á dánarbúi systur sinnar í október 2004. Ennfremur er óumdeilt að á þeim tíma hafi ekki legið fyrir hversu mikils arfs væri að vænta eftir systur hans. Þá liggur fyrir að Thor gerði engar breytingar á erfðaskrá sinni vegna þessa, en hann lést skömmu síðar eða 4. nóvember 2004. Tæpu ári síðar eða 15. september 2005 var arfur eftir Maríu greiddur út og komu rúmlega 6 milljónir króna í hlut dánarbús Thors.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort fjármunir þeir, sem runnu í dánarbú Thors Klausen úr dánarbúi systur hans Maríu Hjelvik eigi að renna til lögerfingja hans í samræmi við lögerfðareglur erfðalaga, enda taki erfðaskráin ekki til þessara fjármuna, eða hvort skýra beri 3. grein fyrrgreindrar erfðaskrár og erfðaskrána í heild með þeim hætti að vilji Thors hafi ótvírætt staðið til þess að öll peningaleg verðmæti hans rynnu til sóknaraðila þar á meðal arfur, sem honum hafði tæmst í Noregi áður en hann féll frá en hafði ekki komið til útgreiðslu.

Fyrir dóminn komu Árni Helgason, forstöðumaður sóknaraðila og Gísli Benediktsson, útbússtjóri Landsbanka Íslands hf. á Eskifirði. Bar Árni um það að Thor hefði oft haft á orði að hann vildi að allar eigur hans rynnu til sóknaraðila. Fyrir dóminn kom einnig Gísli Benediktsson en hann aðstoðaði Thor við gerð erfðaskrárinnar. Hann sagði að Thor hefði tekið það sérstaklega fram við sig að það væri einlægur vilji hans að allar eigur hans rynnu til sóknaraðila.

Það er meginregla í íslenskum erfðarétti að við skýringu á erfðaskrárám beri að leitast við að staðreynda þann vilja arfleiddanda, sem fram kemur í erfðaskrá hans eða sannað þykir að hafi vakað fyrir honum við gerð hennar.

Ljóst er að með erfðaskránni ráðstafaði Thor Klausen öllum þáverandi eigum sínum, þ.e. fasteign, bifreið og sparifé í Landsbanka Íslands, en eftirlét nafngreindum manni að ráðstafa innbúi og öðrum persónulegum munum. Á þeim tíma sem erfðaskráin var gerð hafði honum hins vegar ekki tæmst arfur eftir systur sína í Noregi og með erfðaskránni ráðstafaði hann ekki eignum, sem hann kynni að eignast síðar. Þá er og til þess að líta að í 3. grein erfðaskrárinnar er sérstaklega tekið fram að innistæður á bókum í Landsbanka Íslands, sem renna skuli til sóknaraðila, sé sparifé. Í ljósi alls framangreinds verður ekki talið að erfðaskráin taki til þeirra fjármuna, sem komu í hlut dánarbúsins eftir Maríu Hjelvik og hefur

arfleiðsluvilji Thors hvað þessa fjármuni varðar því ekki verið staðfestur með lögformlegum hætti. Ber því að fallast á það með varnaraðilum að við skipti á dánarbúi Thors Klausen skuli fjármunir, sem hann erfði eftir systur sína Maríu Hjelvik renna til lögerfingja hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum 250.000 krónur í málskostnað og er þar með talinn virðisaukaskattur

Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Hulduhlíðar, heimilis aldraðra, er hafnað.

Við skipti á dánarbúi Thors Klausen, kt. 000000-0000, sem lést 4. nóvember 2004, skulu fjármunir sem hinn látni erfði eftir systur sína, Maríu Hjelvik, renna til lögerfingja eftir lögerfðareglum.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum, Guðrúnu Hrönn Hilmarsdóttur, Huld Hilmarsdóttur Göethe, Sigurði Hreini Hilmarssyni og Björgvini Hrafni Hilmarssyni, 250.000 krónur í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur.

Ragnheiður Bragadóttir